

**GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu í Vallahreppi árið 1993.**

## 1. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		Kr.
Íbúðir í þéttbýli	sorphirðugjald	5 000
Íbúðir í dreifbýli	sorpeyðingargjald	2 000
Fyrirtæki flokkur 1	sorpeyðingargjald	5 000
Fyrirtæki flokkur 2	sorpeyðingargjald	15 000
Fyrirtæki flokkur 3	sorpeyðingargjald	30 000
Fyrirtæki flokkur 4	sorpeyðingargjald	60 000
Fyrirtæki flokkur 5	sorpeyðingargjald	120 000
Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.		
		Kr.
Sumarbústaðir	sorpeyðingargjald	1 500

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum og öðlast nú þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 18. febrúar 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**GJALDSKRÁ****um greiðslur fyrir aukaverk presta 24. febrúar 1993.**

## 1. gr.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk frá þeim sem verk er unnið fyrir samkvæmt gjaldskrá þessari.

Greiðslur fyrir aukaverk skal miða við ákveðinn fjölda eininga. Hver eining jafngildir 1/10 hluta gjalds fyrir borgaralega hjónavígslu á hverjum tíma, samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

## 2. gr.

Greiðslur fyrir eftirtalin aukaverk eru sem hér segir:

1. Skírn	4 einingar
2. Ferming með undirbúningi	16 einingar
3. Hjónavígsla	10 einingar
4. Kistulagning eða húskveðja	6 einingar

- |                          |             |
|--------------------------|-------------|
| 5. Greftrun án ræðu      | 8 einingar  |
| 6. Greftrun með ræðu     | 22 einingar |
| 7. Fyrir embættisvottorð | 1 eining    |

Upphæð greiðslu skal færð til hækkunar að næsta heila tug króna, ef því er að skipta.

### 3. gr.

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestsins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslur ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna.

### 4. gr.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda.

Ennfremur er presti skylt að gefa hlutadeigendum ókeypis vottorð um skírnir og hjónavígslur, enda sé þeirra vitjað eigi síðar en viku eftir að athöfn fór fram.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta og gildir frá 1. mars 1993 til 28. febrúar 2003. Við gildistöku gjaldskrár þessarar fellur gjaldskrá frá 11. mars 1986 úr gildi.

Heimilt er að taka gjaldskrá þessa til endurskoðunar á gildistímanum, ef forsendur breytast af einhverjum ástæðum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Guðmundur Þór Guðmundsson.*

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í marsmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- |                     |                |
|---------------------|----------------|
| 1. Skreið           | Útborgun 2,6%  |
| 2. Hörpuðiskafurðir | Útborgun 11,7% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í marsmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*